

Enda þótt afnot gerðarþola að húsnæði þessu hafi nú staðið á þriðja áratug, leigulaust, þykir ekki fullyrðandi, að hún hafi með fullri vissu mátt vænta þess, að henni væru þar fyrirbúin afnot lengur en gerðarbeiðendum sýndist. Hefur hún heldur ekki getað sýnt fram á neina samninga eða viljayfirlýsingar hér að lútandi. Þykir ekki verða hjá því komizt að telja, að þessum afnotum gerðarþola hafi mátt slíta með tíðkanlegum uppsagnarfresti um íbúðir, miðað við venjulega flutningsdaga. Hefur slík uppsögn komið fram í máli þessu. Samkvæmt þessu verður útburðarkrafa gerðarbeiðenda tekin til greina.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 4.000.00 í málskostnað.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. maí 1971.

Nr. 55/1971. Útvegsbanki Íslands
 gegn
 Pétri Kjartanssyni og
 Guðbjarti Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Kyrrsetning. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. apríl 1971 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði fúgetadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp hinn 5. apríl 1971. Barst málið Hæstarétti 22. apríl 1971.

Krefst sóknaraðili, sem gerðist meðalgönguaðili í héraði, að synjað verði um framgang löghaldsins.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerðir né kröfur.

Kyrrsetning verðmæta þeirra, sem um er að tefla í málinu, var framkvæmd í fógætadómi Reykjavíkur hinn 16. marz 1971. Henni hefur eigi verið haldið til laga samkvæmt 20. gr. laga nr. 18/1949. Jafnvel þótt litið væri svo á, að hinn kærði úrskurður frá 5. apríl 1971 væri endurnýjun á áður nefndri kyrrsetningargerð, þá hefur henni ekki heldur verið haldið til laga miðað við uppsögudag þess úrskurðar. Eðlilegast er að prófa kröfu sóknaraðilja í staðfestingarmáli, ef kyrrsetning verður reynd á nýjan leik. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er eigi efni til að framkvæma lausnargerð samkvæmt 25. gr. nefndra laga. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Sóknaraðili, sem gerðist meðalgönguaðili í máli þessu í héraði, krefst aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang löghaldsins, en til vara, að löghald verði aðeins heimilað í víxlum þeim, sem eru í vörzlum sóknaraðilja, og þá að geymdum betra rétti hans sem handveðshafa.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. a og b liði 3. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Með þessum forsendum er ég sammála dómsorði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 5. apríl 1971.

Þær réttarkröfur eru gerðar af hálfu gerðarbeiðanda, Péturs Kjartanssonar, Lindargötu 38, að löghald fari fram í eignum gerðarþolans, Guðbjarts Pálssonar, Bragagötu 38.

Eru löghaldskröfurnar þessar: Kr. 250.000.00 með 1% dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 2. marz 1971 á mánuði til greiðsludags, málskostnaður í væntanlegu staðfestingarmáli ásamt öllum kostnaði við gerð þessa, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kemur, til tryggingar tékkakröfunni að fjárhæð kr. 250.000.00, á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Samkvæmt samkomulagi lögmanns gerðarbeiðanda og gerðarþola var löghaldsmál þetta fyrst tekið fyrir á skrifstofu borgar-fógeta 4. marz s.l. og síðan haldið áfram á sama stað.

Lögmaður gerðarbeiðanda, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, krafðist í fyrsta þinghaldi málsins löghalds í tveimur bifreiðum, annarri af tegundinni Mercedes Benz, árgerð 1966 eða 1967, og hinni af tegundinni Taunus-station, árgerð 1968, sem geymdar væru í A skála H/f Eimskipafélags Íslands við Reykjavíkurböfn. Gerðarþoli samþykkti löghaldið í téðum bifreiðum og lofaði að koma með farmskírteini hinna tveggja bifreiða, þegar þingað yrði aftur í málinu 8. marz s.l. Málið var tekið fyrir 8. marz s.l., 10. marz s.l. og 12. marz s.l., og var eingöngu um fresti að ræða. Þegar þingað var í málinu 16. marz s.l., þá benti gerðarþoli samkvæmt kröfu lögmanns gerðarbeiðanda einnig á eftirfarandi eignir til löghalds:

A. Víxil, útgefinn af Gunnari Jenssyni og ábakinn af sama, en samþykktan af Kolbrúnu Svavarsdóttur, Selásdal, að fjárhæð kr. 194.000.00, með gjalddaga í maí n. k.

B. Víxil, útgefinn af gerðarþola, en samþykktan af Kolbrúnu Svavarsdóttur, Selásdal, að fjárhæð kr. 41.800.00, með gjalddaga 20. marz 1971.

C. Sparisjóðsbók gerðarþola við Útvegsbankann, Kópavogi, nr. 11621, með innstæðu nú kr. 51.499.00.

D. Fimm víxla, samþykktá af Oddi E. Ásgrímssyni, hvern að fjárhæð kr. 3.000.00, með gjalddögum 20. marz, 20. apríl, 20. maí, 20. júní og 20. júlí 1971, og einn víxil, samþykktan af sama, að fjárhæð kr. 4.000.00, með gjalddaga 20. ágúst 1971.

Samkvæmt upplýsingum gerðarþola eru ofangreindir víxlar og sparisjóðsbók undir liðum A-D incl. í vörzlum Útvegsbankans í Kópavogi.

Fógeti lýsti yfir löghaldi í framangreindum viðskiptabréfum samkvæmt ábendingu gerðarþola og kröfu lögmanns gerðarbeiðanda, og var málinu þar með lokið í fógetadóminum.

Gerðarþoli kom aldrei með í dóminn farmskírteini það, er hann

lofaði í fyrsta þinghaldi málsins, og gerði lögmaður gerðarbeiðanda enga athugasemd við það.

Málið var tekið upp að nýju 22. marz s.l. samkvæmt beiðni lögmanns gerðarbeiðanda með tilvísun til 20. gr. laga nr. 18/1949 og samþykki fólgeta til að gefa Útvegsbanka Íslands kost á meðalgöngu, sbr. dskj. nr. 3.

Í þinghaldi 24. marz s.l. lagði Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fram greinargerð í máli þessu. Rakti hann málavexti varðandi viðskiptabréf þau, er gerðarþoli vísaði á til löghalds og eru í vörzlum Útvegsbankans í Kópavogi, og gerði þær dómkröfur, að réttur Útvegsbanka Íslands sé því ekki til fyrirstöðu, að löghald umbjóðanda hans (gerðarbeiðanda) gangi fyrir hverjum þeim rétti, sem Útvegsbanki Íslands kann að telja sig eiga yfir fyrrgreindum viðskiptabréfum. Málskostnaðar er krafizt úr hendi gagnaðilja. F. h. meðalgönguaðiljans mætti í þessu þinghaldi Axel Kristjánsson hæstaréttarlögmaður. Í þinghaldi 25. marz s.l. lagði lögmaður Útvegsbanka Íslands fram greinargerð sína og gerði þær kröfur aðallega, að krafa gerðarbeiðanda um löghald í tilteknum víxlum og sparisjóðsbók, sem handveðsett sé umbjóðanda hans, nái ekki fram að ganga, en varakröfur eru þær, að löghald verði aðeins gert í hinum tilgreindu víxlum, og þá að geymdum betra rétti meðalgönguaðiljans sem handveðshafa. Málskostnaðar er krafizt in solidum úr hendi gerðarbeiðanda og gerðarþola. Lögmaður meðalgönguaðiljans heldur því fram, að gerðarþoli hafi afhent umbjóðanda hans umrædda víxla til tryggingar skuldum hjá Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Ekki telur lögmaðurinn neinn skriflegan gerning hafa verið gerðan um handveðsetningu víxlanna, enda óþarfi, þar sem afhending slíkra viðskiptabréfa sé nægileg til þess, að handveðsréttur stofnist. Sparisjóðsbókina kveður nefndur lögmaður undanþegna kyrrsetningu og vísar í því sambandi á 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands.

Málflutningur í máli þessu fór fram 30. marz s.l., og var málið að honum loknum tekið til úrskurðar.

Í málflutningi gerir lögmaður gerðarbeiðanda þær dómkröfur, að kveðið verði á um, að ekki hafi stofnast handveð handa meðalgönguaðilja, og gangi því löghald það, sem gert var 16. marz s.l., fyrir hugsanlegum réttindum meðalgönguaðilja. Lögmaður meðalgönguaðilja ítrekaði aðalkröfur og varakröfur, sbr. dskj. nr. 7. Enginn málflutningur fór fram af hálfu gerðarþola. Lögmenn

gerðarbeiðanda og meðalgönguaðilja féllu frá málskostnaðar-kröfum sínum.

Það, sem um er deilt í máli þessu, er, hvort meðalgönguaðilinn, Útvegsbanki Íslands, eigi handveðsrétt í vixlum þeim og sparisjóðsbók, sem löghald hefur verið gert í, eður ei og hvort meintur handveðsréttur eigi að koma í veg fyrir, að löghaldið í umdeildum viðskiptabréfum nái fram að ganga, og einnig hvort 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands beri að skilja á þá leið, að kyrrsetning sé óheimil í sparisjóðsbókinni.

Því hefur verið haldið fram af meðalgönguaðilja, að hann eigi handveðsrétt í téðum vixlum og nægi afhending þeirra til hans til, að handveðsréttur hafi stofnast, og séu skriflegir gerningar óþarfir í því tilefni og eigi löghaldið því ekki fram að ganga. Fyrir utan að umrædd sparisjóðsbók sé handveðsett, telur meðalgönguaðili kyrrsetningu í henni óheimila, eins og fyrr segir.

Lögmaður gerðarbeiðanda telur, að handveðsréttur hafi ekki stofnast, hvorki í vixlunum né í sparisjóðsbókinni, enda kvaðalausar eignir gerðarþola samkvæmt yfirlýsingu hans.

Í aðiljaskýrslu sinni lýsir gerðarþoli því yfir, að umræddi vixlar hafi verið til innheimtu í Útvegsbankanum og hvorki hafi verið samið um veðsetningu né bankinn óskað eftir slíkri veðsetningu. Einnig heldur gerðarþoli því fram, að sparisjóðsbókin hafi heldur ekki verið veðsett, og því óskar gerðarþoli þess, að löghaldsgerðin nái fram að ganga, og vitnar til umboðs síns til lögmans gerðarbeiðanda, sbr. dskj. nr. 8.

Útibússtjóri Útvegsbanka Íslands í Kópavogi kom fyrir dóminn 29. marz s.l. Í skýrslu hans kemur fram, að hann telur umdeilda vixla ásamt bankabókinni vera að handveði við bankann, þar til gerðarþoli hafi greitt að fullu skuldir sínar við bankann. Aðspurður til tryggingar hvaða skuldum umrædd viðskiptabréf væru handveðsett bankanum, svaraði útibússtjórinn því, að þetta væri til tryggingar öllum skuldum og ábyrgðarskuldum gerðarþola við bankann, án þess að nefna neina fjárhæð.

Í munnlegum máflutningi taldi lögmaður gerðarbeiðanda, að sá, sem bæri fyrir sig handveðsrétt, yrði að sanna veðsamninginn og sérstaklega viljayfirlýsingu veðsalans. Aftur á móti taldi lögmaður meðalgönguaðilja, að handhöfnin ein veitti svo sterkar líkur fyrir stofnun handveðs viðskiptabréfs, að sá, sem neitaði því, að veð hefði stofnast, bæri sönnunarbyrðina.

Um veðgerninga er ekki sett neitt skilyrði, að þeir skulu vera formbundnir, og getur munnlegur gerningur verið jafngildur

skriflegum. Fram hefur komið í málinu, að enginn skriflegur veðsamningur var gerður, en hvort munnlegur veðgerningur hafi stofnast, er ekki vitað, því að þar stangast fullyrðing á móti fullyrðingu.

Dómurinn lítur svo á, að þar sem ekkert hefur komið fram um, að handveð hafi stofnast í umdeildum víxlum eða sparisjóðsbók og hvorki neinar líkur né sannanir hafa komið fram fyrir viljayfirlýsingu gerðarþola um handveðsstofnun í téðum viðskiptabréfum, þá verði krafa meðalgönguaðiljans ekki tekin til greina um það atriði, og ekki getur dómurinn fallið á þá skoðun, að afhending viðskiptabréfa í banka nægi til þess, að handveðsréttur stofnist.

Varðandi það umdeilda atriði, hvernig túlka skuli 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, sem hljóðar svo: „Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar“, þá er það álit dómsins með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar í kærumálinu nr. 5/1967, sem upp var kveðinn 9. janúar 1967, að nefnd 21. grein komi ekki í veg fyrir, að löghald verði gert í sparisjóðsbók gerðarþola. Samkvæmt framanrituðu verða aðalkröfur og varakröfur meðalgönguaðiljans því ekki teknar til greina.

Löghaldsheimildir gerðarbeiðanda virðast fullnægja kröfum laga um, að löghaldið nái fram að ganga þrátt fyrir varnarástæður meðalgönguaðiljans, og verður löghaldið, sem gert var 16. marz s.l., því látið fram ganga í þeim viðskiptabréfum, sem þar eru greind og umdeild eru í máli þessu, á ábyrgð gerðarbeiðanda fyrir þeim kröfum, sem í gerðarbeiðninni greinir og eru í vörzlum Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

Fallið hefur verið frá málskostnaðarkröfum.

Haukur Davíðsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin löghaldsgerð í viðskiptabréfum þeim, er gerðarþoli vísaði á til löghalds í fégetadóminum 16. marz 1971 og eru í vörzlum Útvegsbankans í Kópavogi, fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.